

Eyrarhraun-fornleifaskráning

*Vegna deiliskipulagstillögu Hleina að
Langeyrarmölum
Lokagerð*



*Karl Rúnar Þórsson
Bjarni F. Einarsson
Byggðasafn Hafnarfjarðar
maí 2004*

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Eyrarhraun - fornleifaskráning

Vegna deiliskipulagstillögu Hleina að Langeyrarmölum

Um fornleifaskráning á skipulagssvæðinu

Skýrslan *Eyrarhraun - fornleifaskráning, vegna deiliskipulagstillögu meina að Langeyrarmölum lokagerð* Uggur hér fyrir af hálfu Bygðasafns Hafnarfjarðar og dr. Bjarna F. Einarssonar fornleifafræðings. Var skráningin sem fyrr unnin undir hans stjórn á vettvangi. Lokagerð skýrslunnar kemur fram í framhaldi af ábendingum Fornleifaverndar ríkisins, þar sem óskað var eftir teikningum og nánari aldursgreiningu, að „rústirnar yrðu teiknaðar upp áður en lengra er haldið, einnig þarf að gangti úr skugga um aldur þeirra“ eins og segir í ábendingum .Fornleifaverndar.

Umhverfis- og tæknisvið Hafnarfjarðarbæjar óskaði eftir því við Bygðasafnið að það skoðaði deiliskipulagstillöguna með tilliti til nálægðar við hverfisverndarsvæði, fornleifar og menningarminjar. Skipulagssvæðið liggur í landi kotbýlisins Eyrarhrauns næst Herjólfsgötu og liggur frá Herjólfsgötu rúma 30 metra upp í land Eyrarhrauns. Hins vegar liggur svæðið u.þ.b. 65 metra í norð-vestur átt frá lóð hússins Herjólfsgötu 34 (sjá nánar kort á bls. 3).

Samkvæmt IV kafla Þjóðminjalaga þá teljast til fornleifa: „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn eða mannaverk eru á, Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar. ”

Að lokinni vettvangsferð Bygðasafnsins var Fornleifavernd ríkisins gert viðvart vegna hugsanlegrar fornleifa á svæðinu. Samkvæmt frumskoðun Fornleifaverndar voru nefndar mögulega fimm mannvistaleifar eða „tóftir“ á skipulagssvæðinu.

Sem fyrr segir var fornleifaskráningin á vettvangi unnin undir stjórn dr. Bjarna F. Einarssonar fornleifafræðings. Við skráninguna hefur heimilda verið aflað um skipulagssvæðið. Svæðið hefur verið gengið, minjar skráðar, myndaðar, teiknaðar og GPS hnitsettar.

Árið 1998 fór fram á vegum Fornleifastofnunar Íslands fornleifaskráning í norðvesturhorni bæjarlandsins sem samkvæmt þeirra aðferðafræði var nefnd aðalskráning og innihélt „vettvangsvinnu“ sem m.a. tók til þessa svæðis. Í framhaldi var gefin út skýrslan „Fornleifar milli Skereyrar og Langeyrar“. Nokkuð hefur hér verið stuðst við skýrsluna en hún var yfirfarin og endurbætt af staðkunnugum á vinnufundi bæjarskipulags Hafnarfjarðar nokkru eftir útgáfu hennar. Þá hefur auk annarra heimilda sem tilgreindar eru í heimildaskrá verið stuðst við minningarþætti Stefáns Júlíssonar sem um nokkurt skeið bjó í hraunum.

Búskapur í Eyrarhrauni

Stefán Júlíusson rithöfundur, gerir ágæta grein fyrir búskapnum í Eyrarhrauni í bók sinni „Bygðin í hrauninu“ en hann fluttist í kotið með foreldrum sínum árið 1923 og bjó fjölskyldan þar allt til ársins 1937. Er þetta án efa nákvæmasta ritheimild sem til er um búsakaparhætti á skipulagssvæðinu. Þegar fjölskylda Stefáns bjó á Eyrarhrauni voru þar kindur í kofa sem stóð rétt við bæinn og einn bestur sem stundum var spenntur við vagn. Einnig hafði við kotið verið stunginn upp kartöflugarður. Að mati

Stefáns voru það grasblettirnir kringum kotið sem sköpuðu grundvöllinn fyrir skepnuhaldið. Í æviminningum sínum varpar Stefán ágætu ljósi á ræktunar framkvæmdirnar og bendir á að þessar grasnytjar í hraunbollum og lautarbollum hafi fyrst og fremst verið verir frumbýlinga Eyrarhrauns þeirra Sigurjóns Sigurðssonar og Engilráðar Kristjánsdóttur sem byggðu sér litla bæinn Eyrarhraun árið 1904. En víða í landi Eyrarhrauns má enn í dag sjá sinugróna hraunbolla og hleðslur á stöku stað sem þá líklega eru ummerki um vinnusemi þeirra.

Þessar grasnytjar voru á hraunbölum og í lautardrögum, sem reynt hafði verið að rækta upp með ærinni fyrirhöfn. Víðast var þó grunnt í grjóti, og því var sprettan aldrei góð, en engum farartækjum nema hjólbörum varð við komið til að flytja að mold (Stefán Júlíusson, bls. 11)

Við tók ræktun á úfnu hrauni, hleðsla á gördum, burður á mold og grjóti. Mörg hafa þau handtök reynst, og notinvirk hafa þau Engilráð og Sigurtán verið bæði og samstillt við gróðurblettina í kringum litla bæinn sinn. ... (Stefán Júlíusson bls. 24)

Ljóst er að árið 1842 stóð þurrabúðin Flatir milli Langeyrar og Litlu-Langeyrar sennilega „innan við Malarkambinn fyrir Mölunum miðjum". (*Hildur Gestsdóttir og Sædis Gunnarsdóttir, bls. 13*). „Flatirnar hétu síðar Eyrarhraunstún" segir í örnefnaskrá. (*Ágúst Ó Georgsson: bls. 9*). Þurrabúðin lagðist hins vegar af kringum aldarmótin 1900 vegna byggingar fiskverkunarstöðvarinnar á mölunum. Á flötunum fyrir ofan fiskverkunarstöðina voru hins vegar tvær grasflatir sem nytjaðar voru um tíma af fjölskyldunni í Eyrarhrauni.



Á þessari ljósmynd má sjá Eyrarhraun í baksýn, einnig girðingastaura umhverfis grasbletti og fólk að störfum við fiskreit.




Yfirlitsmynd tekin yfir Eyrarhraun, fiskverkunarstöðin og fiskreitir blasa við.

Niðurstaða skráningar

Engar eiginlegar fornleifar miðað við skilgreiningu Þjóðminjalaga v:irð.ist vera að finna innan skilgreinds deiliskipulagssvæðis. Þrátt fyrir að fornleifaskráning liggi nú fyrir á skipulagssvæðinu skal hér vísað í IV kafla, 13. grein Þjóðminjalaga en þar segir:

„Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verkið megi fram halda og með hvaða skilmálum.“

Á deiliskipulagssvæðinu er hins vegar að mati fornleifafræðings að finna fimm yngri minjar sem líklegt má telja að séu leifar frá búskapartíð í Eyrarhrauni (sjá kort hér að neðan). Svæðið suð-austan við spenrústöðina var vandlega gengið vegna tveggja ógreinilegra minja sem að mati fornleifafræðings er dæmi um seinnitíma umrótt og því ekki skráð sérstaklega. Rétt er að undirstrika að heimildir um mannvist og búskaparhætti eru sjaldan tæmandi, því er ávalt sá möguleiki fyrir hendi, þrátt fyrir fornleifaskráningu á vettvangi, að alls óþekktar fornleifar leynist undir yfirborði og komi í ljós t.d. við framkvæmdir.



Kort 1: 1000. Breyting á samþykktu deiliskipulagi, þar sem skráðar minjar hafa verið merktar inn með númerum 1-5.

Heimildaskrá

Ágúst Ó Georgsson: Heimildir fyrir fornleifaskrá Hafnarfjarðar 1987- 1988, Þjóðminjasafn Íslands.

Ásgeir Guðmundsson: Saga Hafnarfjarðar 1908-1983. Fyrsta bindi. 1983.

Ásgeir Guðmundsson: Saga Hafnarfjarðar 1908-1983. Þriðja bindi. 1984.

Fornleifavernd ríkisins: Bréf vegna deiliskipulags Hleina að Langeyrarmölum, febrúar 2004.

Fornleifavernd ríkisins: Afrit af bréfi vegna deiliskipulags Hleina að Langeyrarmölum, apríl 2004.

Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir: Fornleifar milli Skerseyrar og Langeyrar. Fornleifaskráning í Hafnarfirði II. Án ártals.

Hafnarfjarðarbær, kort: Breyting á samþykktu deiliskipulagi fyrir "íbúðir eldri borgara á Langeyrarmölum við Herjólfsgötu.

Jón Kr. Gunnarsson: Af kunnunum æskuslóðum. Viðtöl við valinkunna Hafnfirðinga. 1998.

Ljósmyndasafn Byggðasafns Hafnarfjarðar: Mynddís gagnagrunnur.

Pétur G. Kristbergsson. Horfin handtök. Frásagnir af vinnu við saltfisk og kol á sjó á landi á kreppuárunum. 1998.

Sigurður Skúlason: Saga Hafnarfjarðar. 1933.

Stefán Júlíusson: Byggðin í hrauninu. Minningarþættir. 1972.

Þjóðminjalög 31. maí 2001.

Fornleifaskrá

Aðalnúmer:	Undirnúmer:	Aldur:	Minjagildi:	Landareign nr.	Landareign:
7	1	1900 -	Lítið		Eyrarhraun
Tegund minja:	GPS-Hnit:	Ástand:	Hættumat:	Hætta:	
Aðhald	N 064°04.502' W 021°58.332'	Lélegt	Byggingar	Mikil	
Friðlýsa:	Friðlýst:	Hvenær:	Merkja:	Heiti:	
Nei	Nei		Nei		

Lega og staðhættir:


Aðhald - u.þ.b. 7 x 8.5 m að stærð, nánast hringlaga. Veggir úr grjóli, mosa vaxnir 0.4 m háir og 0.7-2 m breiðir. Gólf rustarinnar er grasi gróið og þakið nútíma rusli. Rústin er öll úr lagi færð. Dyr gætu hafa snúið í NV. Svæðið er allt þakið sinu.

Lýsing:

Minjarnar eru staðsettar í dæld næst lóðarmörkum hússins Herjólfsgötu 34, þær hafa á korti bls. 3 fengið númerið 1.

Athugasemdir:

Ekkert bendir til þess að eldri minjar leynist undir. Mótvægisáðgerða ekki þörf.



Fornleifaskrá

Aðalnúmer:	Undirnúmer:	Aldur:	Minjagildi:	Landareign nr.	Landareign:
7	2	1900 -	Lítið		Eyrarhraun
Tegund minja:	GPS-Hnit:	Ástand:	Hættumat:	Hætta:	
Garður	N 064°04.503' W 021°58.323'	Sæmilegt	Byggingar	Mikil	
Friðlýsa:	Friðlýst:	Hvenær:	Merkja:	Heiti:	
Nei	Nei		Já		

Lega og staðhættir:

Hlaðinn garður úr grjóti (SV-NA) 0.3 - 1 m breiður og 0.2.- 0.5 m har. Mosa vaxinn og á stórum hluta umvafinn sinu. Líklegast undirstaða undir girðingu. Garðurinn liggur út fyrir skipulagssvæðið og er rofinn á stöku stað.

Lýsing:

Garðurinn er staðsettur nálægt lóðarmörkum hússins við Herjólfsgötu 34 og liggur u.þ.b. 5 m N frá aðhaldi, fornleifar nr.1 (sjá kort bls.3)
Garðurinn hefur fengið númerið 2 á korti bls. 3.

Athugasemdir:

Í garðinum fundust leifar gaddavírs. Líklegast yngri minjar frá búskaparárum í Eyrarhrauni. Engra mótvægisáðgerða þörf.



Fornleifaskrá

Aðalnúmer:	Undirnúmer:	Aldur:	Minjagildi:	Landareign nr.	Landareign:
7	3	1900 -	Lítið		Eyrarhraun
Tegund minja:	GPS-Hnit:	Ástand:	Hættumat:	Hætta:	
Aðhald	N 064°04.521' W 021°58.346'	Lélegt	Byggingar	Mikil	
Friðlýsa:	Friðlýst:	Hvenær:	Merkja:	Heiti:	
Nei	Nei		Nei		

Lega og staðhættir:


Aðhald eða gríðingaleifar úr hlöðnu grjóti, veggir mosavaxnir, stendur á svæði sem er gróið sinu. Minjarnar nánast V-laga. Veggir 0.4-0.7m breiðir og 0.2.- 0.7 m háir. Syðsti veggurinn er grasi gróinn, hugsanlega er þetta gróinn hraunkanntur og ekki manngerður. Dyr sjást ekki.

Lýsing:

Aðhaldið er að finna á lágrí hæð norð-vestan við spennistöð u.þ.b. 7 m ofan við skráðar hleðslur sem hafa á korti bls. 3 fengið númerið 4. Aðhaldið hefur á kortinu fengið númerið 3.

Athugasemdir:

Líklega yngri minjar frá búskaparárum í Eyrarhrauni. Ekkert bendir til þess að eldri minjar leynist undir. Mótvægisáðgerða ekki þörf.



Fornleifaskrá

Aðalnúmer:	Undirnúmer:	Aldur:	Minjagildi:	Landareign nr.	Landareign:
7	4	1900 -	Lítið		Eyrarhraun
Tegund minja:	GPS-Hnit:	Ástand:	Hættumat:	Hætta:	
Hleðsla (byrgi?)	N 064°04.523' W 021°58.353'	Lélegt	Byggingar	Mikil	
Friðlýsa:	Friðlýst:	Hvenær:	Merkja:	Heiti:	
Nei	Nei		Nei		

Lega og staðhættir:


Á sillu, þakinni sinu, má greina óreglulega hleðslu mosa- og grasivaxinna steina (SV-NA). Umfang (3.5 x 1.60 m). Hæð 0.10 - 0.20 m og breidd 0.2 - 0.4 m. Norður hliðin er hraunkantur, vestur endi niður grafinn, dyr sjást hvergi. Gólfíð er grasi gróið.

Lýsing:

Hleðslurnar er að finna á sillu vestan við spennistöð og hafa á kort bls. 3, fengið númerið 4. Sillan með hleðslunum er staðsett u.þ.b. 7 metrum neðan við V-laga aðhald sem fengið hefur á kortinu númerið 3.

Athugasemdir:

Líklegast yngri minjar frá búskaparárum í Eyrarhrauni. Ekkert bendir til þess að eldri minjar leynist undir. Mótvægisáðgerða ekki þörf.



Fornleifaskrá

Aðalnúmer:	Undirnúmer:	Aldur:	Minjagildi:	Landareign nr.	Landareign:
7	5	1900 -	Lítið		Eyrarhraun

Tegund minja:	GPS-Hnit:	Ástand:	Hættumat:	Hætta:
Garður	N 064°04.542' W 021°58.374'	Sæmilegt	Byggingar	Mikil

Friðlýsa:	Friðlýst:	Hvenær:	Merkja:	Heiti:
Nei	Nei		Nei	

Lega og staðhættir:

Garður úr grjóti, fremur óreglulegt form (NNV-SSA) um 11 m langur, 0.5 - 1 m breiður og 0.2.- 0.6 m hár. Mosa vaxinn og umlukinn sínu. Garðlög sjást víða, líklegast undirstaða undir girðingu.

Lýsing:

Garðurinn er staðsettur utarlega á skipulagsvæðinu norð-vestan við vegarslóðan að Eyrarhrauni. Garðurinn hefur á korti bls. 3, fengið númerið 5.

Athugasemdir:

Í garðinum fundust leifar gaddavírs, líklegast yngri minjar frá búskaparárum í Eyrarhrauni. Ekkert bendir til þess að eldri minjar leynist undir. Mótvægisáðgerða ekki þörf.

